

Betri Bakkafjörður

Ársskýrsla

2019



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SÁMBAND SVETTARFÉLAGA
Í EYJAFIRDI OG ÞINGEYJARSÝSLUM



Langanesbyggð

Efnisyfirlit.

1. Inngangur
2. Verkefnisstjórn
3. Verkefnið
4. Verkefni
5. Fundir
6. Staðan verkefnisins

1. Inngangur:

Bakkafjörður var tekin inn í verkefnið Brothættar Byggðir á árinu 2019, í framhaldi af tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Byggðin við Bakkaflóa hefur átt undir högg að sækja aðallega vegna breytinga á atvinnuháttum. Störfum við hefðbundinn landbúnað hefur fækkað og mikill samdráttur hefur orðið í störfum tengdum sjávarútvegi á svæðinu. Samhliða þessum breytingum hefur fólki fækkað og dregið hefur verulega úr þjónustu við íbúa. Þar má nefna að ekki er lengur verslunina á svæðinu, skólahald hefur verið lagt af og samdráttur í störfum á vegum ríkis og sveitarfélags. Byggðin þarf því á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll.

2. Verkefnisstjórn:

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum samstarfsaðila um verkefnið, það er sveitarfélagi, landshlutasamtökum, atvinnuþróunarfélagi, íbúum og Byggðastofnun. Verkefnisstjóri var ráðinn og tók til starfa 1. júní sl.

Stjórn verkefnisins „Betri Bakkafjörður“

Arnmundur Marinósson, fulltrúi íbúa

Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Vigdís Rún Jónsdóttir, Verkefnastjóri menningarmála á Norðurlandi eystra

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Þorsteinn Ægir Egilsson, oddviti Langanesbyggðar

Verkefnisstjóri

Ólafur Áki Ragnarsson

Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að móta stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.

3. Verkefnið

Verkefnið byggir á verkefnalýsingu sem unnin hefur verið á vegum Byggðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett voru fram eru afrakstur íbúapings, vinnu verkefnisstjórnar og niðurstaða íbúafundar. Meginmarkmiðin eru fjögur ásamt undirflokkum.

1. **Sterkir samfélagsinnviðir:**

- 1.1 Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnunum og samfélaginu við Bakkafjörð
- 1.2 Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni
- 1.3 Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu
- 1.4 Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetun/Orkustofnun um áttak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði
- 1.5 Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samfélaginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörð.
- 1.6 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu 2019, þar með talið þorpið, með tengingu við ljósleiðaranet á Þórshöfn um Breknaheiði.

2. **Öflugt atvinnulíf:**

- 2.1 Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti
- 2.2 Komin verði tvö fjarvinnslustörf á Bakkafirði
- 2.3 Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa
- 2.4 Ferðaþjónusta tengd skólahúsnæðinu
- 2.5 Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu
- 2.6 Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkafjarðar
- 2.7 Koma starfsemi af stað í húsnæði við Toppfisks
- 2.8 Námskeið í stofnun fyrirtækja

3. **Aðlandi ímynd Bakkafjarðar:**

- 3.1 Unnið verði að því með íbúum að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og nærsveita og koma henni á framfæri í samfélaginu og utan þess
- 3.2 Kannaður verði möguleiki þess að fá utanaðkomandi aðstoð við að leiða samtal við- og á milli íbúa til að laða fram kraft til breytinga og framfara.
- 3.3 Móta aðgerðaráætlun í umhverfismálum á Bakkafirði og nærsveitum.
- 3.4 Endurheimta Bláfánann fyrir höfnina.

4. **Skapandi mannlíf**

- 4.1 Skipuleggja gamla hafnarsvæðið.
- 4.2 Innendum og erlendum nemendum á listabraut verði boðin aðstoða á Bakkafirði.
- 4.3 Kvikmynd um Langanesbyggð.
- 4.4 Skógrækt í þéttbýlinu.
- 4.5 Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins.
- 4.6 Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Í viðauka er gerð frekari grein fyrir einstökum verkefnum/aðgerðum ásamt því að tímasetja verkefni, sem er þáttur í því að ná viðkomandi starfsmarkmiðum.

Þau verkefni sem stefnt var að árið 2019 og komin eru í farveg eða lokið við, eru metin eftir stöðu þeirra. Um er að ræða huglægt mat verkefnisstjóra.

Starfsmarkmið	Hafin árið 2019	25%	50%	75%	Lokið
Starfsmarkmið 1.3	x		x		
Starfsmarkmið 1.6	x				x
Starfsmarkmið 2.1	x				x
Starfsmarkmið 2.4	x				x



Hafnartangi 4, Veitingastaður-Pöntunarþjónusta. Mynd ÓÁR



Afhending styrkja Betri Bakkafjörður. Mynd KPH

4. Verkefni:

Verkefnisstjórn hefur samþykkt fjármuni í átta verkefni að upphæð kr. 16 milljónir. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem snerta hina ýmsu þætti samfélagsins.

Verkefni sem hafa hlotið styrk:

Nafn umsækjanda	Nafn verkefnis	Styrkupp hæð
A1882	Þjónustukjarni Hafnartanga 5	5.000.000,-
A1882	Gistiheimili Skólagötu 5	4.000.000,-
Halldóra Gunnarsdóttir	Tvær gönguleiðir við Bakkafjörð	420.000,-
Langanesbyggð	Fjarvinnslustörf á Bakkafirði	450.000,-
Bakkfiskur	Harðfiskvinnsla	760.000,-
Baldur Öxdal Halldórsson	Halldórshús	2.000.000,-
Útvörður ehf	Hvala- og fuglaskoðun Bakkafirði	1.800.000,-
Arnmundur Marinósson	Bruggun á bjór og pizzugerð	1.570.000,-
	Samtals.	Kr. 16.000.000,-

5. Fundir:

Íbúáping var haldið í lok mars, undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá ILDI. Niðurstöður þingsins er ákveðin grunnur að þeirri vinnu sem framundan er í eflingu byggðar við Bakkaflóa. Verkefnisstjórn hélt átta fundi á árinu auk þess sem haldinn var íbúafundur í byrjun nóvember. Á íbúafundinum voru kynnt drög að verkefnum sem verkefnisstjóri og verkefnisstjórn unnu upp úr m.a. áherslum íbúafundar. Á fundinum komu fram tillögur að nýjum verkefnum og önnur voru tekin út eða þeim breytt. Í framhaldinu var verkefnið samþykkt samhljóða.

6. Lokaorð:

Verkefnið Betri Bakkafjörður fór að stað um mitt ár með ráðningu verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn hafði fyrir þann tíma unnið ákveðna undirbúningsvinnu með heimafólki, sveitarstjórn og ríkisvaldinu. Samfélagið á Bakkafirði hefur orðið fyrir miklum áföllum í framhaldi af rekstrarerfiðleikum stærsta fyrirtækisins á staðnum, sem varð til þess að starfsemin hætti. Fólki fækkaði og þjónusta við íbúana dróst saman.

Frá því að Bakkafjörður var tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir hefur sveitarfélagið og ríkisvaldið komið að málum sem klárlega munu styrkja byggð á svæðinu til frambúðar. Það má nefna lagningu ljósleiðara í sveitarfélagið, uppbyggingu vegar með slitlagi milli byggðakjarnana Bakkafjarðar og Þórshafnar. Með þeirri framkvæmd verður vegurinn milli staðana uppbyggður með slitlagi sem mun efla byggð á svæðinu og skapa sóknarfæri í ferðaþjónustu fyrir landshlutann. Íbúar og velunnarar byggðarinnar við Bakkaflóa hafa verið áhugasamir um verkefnið Betri Bakkafjörður og má finna bjartsýni meðal þeirra um framgang þess.